

4. október 2011

- 5. mál** Fundargerð forsætisnefndar frá 30. september
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 23. september
Fundargerð mannréttindaráðs frá 13. september
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 26. september
Fundargerð skipulagsráðs frá 28. september
Fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 28. september
Fundargerðir velferðarráðs frá 15. og 22. september

Kjartan Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég kveð mér hljóðs undir fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 23. september; 5. lið dagskrárinnar þar. En það er tillaga Sjálfstæðisflokksins sem afgreiðslu hafði verið frestað á en málið var afgreitt á síðasta fundi og þá náði íþróttá- og tómstundaráð saman um svohljóðandi tillögu sem ég les upp, með leyfi forseta:

Íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur leggur til við borgarráð að Reykjavíkurborg leysi til sín leigulóðina Keilugranda 1, eigi síðar en þegar núverandi lóðarleigusamningur rennur út 1. janúar 2016 og ráðstafi henni í þágu íþróttá- og æskulýðsstarfsemi í Vesturbænum. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á því hvort unnt sé að ná samkomulagi við núverandi lóðarleigjanda um afhendingu lóðarinnar áður en umræddur samningur rennur út.

Þessi hugmynd um þessa lóð, þessi hugmynd er ekki ný af nálinni. Hún hefur verið á lofti í nokkur ár, en ýmis málefni hafa verið til þess að tefja fyrir því að þetta mál hafi hlotið mikinn framgang. Til dæmis málefni varðandi skipulagslega og lögfræðilega stöðu lóðarinnar, en ég held að þau mál séu nú öll að skýrast. Og ég vil bara fagna því og þakka formanni ÍTR, borgarfulltrúanum Evu Einarsdóttur, sérstaklega fyrir að leggja sitt af mörkum til þess að þetta mál leystist farsælega innan íþróttá- og tómstundaráðs og okkur tókst að ná saman um það að við náðum einróma að samþykkja þessa viljayfirlýsingu sem að liggur fyrir. Það má segja að með henni sé svona verið að hnykkja á viljayfirlýsingu ÍTR frá síðasta kjörtímabili sem var svipuð, en á þeim tíma náðum við ekki einróma niðurstöðu. Þannig að það segir kannski sitt um hvað núverandi formaður er betur heppnaður en sá fyrri að hann náði einróma niðurstöðu í þetta mál.

Og málinu er síðan vísað eins og tillagan ber með sér, þessu er vísað til borgarráðs og ég vil bara beina því til þeirra borgarráðsfulltrúa sem hér eru, og ekki síst formanns borgarráðs, að skoða málið með jákvæðum huga. Ég hef fulla trú á því að borgarráð geti leyst þetta mál. Ég held að þetta mál sé – þarna er verið að fjalla

4. október 2011

um ákveðnar úrbætur í Vesturbænum, en þetta mál er að mörgu leyti dæmigert fyrir í rauninni stöðuna í íþrótt- og æskulýðsmálum víðsvegar í borginni.

Við í borgarstjórn eigum við það gleðilega vandamál að stríða að þátttaka í íþróttaiðkun barna og ungmenna, og reyndar fullorðinna líka, í almenningsíþróttum hefur stóraukist á síðustu árum í Reykjavík. Allar þáttökutölur gefa það til kynna, þáttökutölur sem Íþróttabandalag Reykjavíkur heldur saman um barna- og unglिंगastarf í Reykjavík, þátttaka í viðburðum eins og almenningshlaupum. Allt þetta sýnir að áhugi meðal almennings á iðkun íþróttar er að aukast hröðum skrefum, það er ekki í prósentum, það er í tugum prósentu sem við erum að tala um, til dæmis bara frá hrúni. Þetta er mjög jákvætt út af fyrir sig, ég held að allir í borgarstjórn geti verið sammála um það, en hefur leitt til þess að íþróttafélögin í Reykjavík mörg hver geta ekki með góðu móti sinnt þessum mikla fjölda sem til þeirra leitar. Og það er ekki bara í Vesturbænum, þarna er líka verið að tala um í Austurbænum og í austustu hverfum borgarinnar og þar er nú mjög kallað eftir því að við borgarfulltrúar setjumst yfir málin með félögunum og skoðum hvað sé hægt að leysa í hverju tilviki fyrir sig.

Og ég held að við getum virkilega lagt okkar lóð á vogaskálarnar í mörgum tilvikum, ekki endilega með íþróttahöllum sem kosta milljarða króna. Við vitum það að það er ekki feitan kött að flá þar sem borgarsjóður er um þessar mundir, en ýmislegt er hægt að leysa til dæmis bara með því, eins og kannski í þessu tilviki, að breyta landnotkun á ákveðinni lóð og virkja það svæði með tíð og tíma í þágu íþróttastarfs í viðkomandi hverfi. En mig langaði til þess að koma upp til að vekja athygli á þessu og þakka fyrir góða afgreiðslu málsins í íþrótt- og tómsundaráði.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskað eftir að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans.

4. október 2011

5. mál Fundargerð forsætisnefndar frá 30. september
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 23. september
Fundargerð mannréttindaráðs frá 13. september
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 26. september
Fundargerð skipulagsráðs frá 28. september
Fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 28. september
Fundargerðir velferðarráðs frá 15. og 22. september

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég var sérstaklega inntur eftir því hvort að ég, borgarráð, myndi taka við þessum málum opnum huga, það munum við að sjálfsögðu gera. Ég hef hins vegar ekkert legið á þeirri skoðun minni og hún er ekki sett hér fram í fyrsta skipti, að ítrekuð úthlaup, upphlaup og fjölmiðlaviðburðir borgarfulltrúa Kjartans Magnússonar í þessu máli leiddu á sínum tíma til þess að verðið margfaldaðist á þessum reit. Það var semsagt uppi áhugi innan borgarkerfisins að reyna að leysa hann til borgarinnar þegar að einn borgarfulltrúi ákvað að slá sig til riddara á þessu máli og þetta er fyrir tveimur kjörtímabilum síðan og málið hefur verið í nokkrum hnút. Nú hef ég áhyggjur af því að það sé búið veðsetja þessa lóð fyrir mjög háar upphæðir en ég svosem veit ekki betur um það.

En tók hinsvegar eftir því að þegar að borgarfulltrúi Kjartan Magnússon var búinn að vera með þennan málaflokk ÍTR allavega í tvö ár á sinni könnu og missti svo meirihlutann, það voru ekki liðnir nema fimm dagar að hann lagði fram tillögu um að gera nú eitthvað í málinu í borgarráði í júní í fyrra. Ég held að málið sé þar í frestun vegna þess að þetta er í einhverskonar þrotameðferð innan bankans, en ég hlýt að spyrja, þegar borgarfulltrúinn tekur þetta svona ítrekað upp: hvers vegna er hægt að gera þetta núna? Er rétta leiðin að gera það með svona opinberum tillöguflutningi eða einhverjum fjölmiðlaupákomum og hvers vegna gerði borgarfulltrúinn Kjartan Magnússon þetta ekki bara sjálfur þegar að hann var í forystu ÍTR fyrst að hann flutti fyrstu tillöguna um þetta 2004 og 2005 og hafði síðan heil fjögur ár til þess að gera eitthvað í málinu? Mér finnst það svolítið, mér finnst það svolítið upphlaupskennt [forseti slær í bjöllu] ég verð að viðurkenna það.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að veita andsvar. Og þá svarar andsvari borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

4. október 2011

- 5. mál** **Fundargerð forsætisnefndar frá 30. september**
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 23. september
Fundargerð mannréttindaráðs frá 13. september
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 26. september
Fundargerð skipulagsráðs frá 28. september
Fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 28. september
Fundargerðir velferðarráðs frá 15. og 22. september

Kjartan Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég tel nú rétt að fara yfir nokkrar missagnir Dags B. Eggertssonar borgarfulltrúa í þessu máli. Sem fyrr þá tekur hann ekki sannleikann með sér hér í pontuna þegar að hann fjallar um þetta mál. Bara til þess að leiðrétta eitt. Ég tók þetta mál ekkert upp opinberlega í júní í fyrr, þetta var ekki fimm dögum eftir kosningar, þetta var tekið upp fyrir kosningar, en vegna óska borgarfulltrúa Samfylkingarinnar þá var því frestað ítrekað í ÍTR þannig að það var ekki tekið upp og samþykkt endanlega fyrr en eftir kosningar. Einnig það að ég sé með einhver fjölmiðlaupphlaup í málinu. Það hefur nú bara verið töluverð fjölmiðlaumræða um þetta mál árum saman örugglega sjö ár í Vesturbæjarblaðinu og þar á ég ekkert einn hlut að máli og ég á þessa hugmynd ekkert einn. Ég held að hugmyndin hafi sennilega fyrst komið fram hjá einhverjum KR-ingum þótt ég hafi vissulega flutt hana hér innan borgarkerfisins. Ég á ekkert þessa hugmynd en hún er góð engu að síður og ég ætla að vona að Dagur og félagar hans láti það ekki bitna á góðri hugmynd hver flytur hana innan borgarkerfisins.

Nú, síðan að verðið hafi margfaldast á lóðinni, þarna held ég að ég verði að biðja borgarfulltrúann að kynna sér málin betur, því að ég fæ ekki séð að lóð sem er leigð til ákveðins tíma af borginni og leigutíminn er að renna út, ég fæ bara ekki séð að borgin þurfi að borga einhverja háa upphæð fyrir þá lóð. Og mjög skrítið að formaður borgarráðs sem ætti að þekkja þessi mál, lóðamál, að hann skuli halda því fram að verðið sé að margfaldast. Ég held að menn þurfi bara að kynna sér málin betur. Það er kannski ekki rétt að fara að tala um flókin lóðamál eða verðlagningu þeirra hér í borgarstjórn, en það er auðvitað ljóst að þegar einungis fá ár eru eftir af leigusamningi umræddrar lóðar og það liggur ekkert skipulag fyrir á henni og borgin hefur það auðvitað í hendi sér að breyta landnotkun á lóðinni og nota hana til hverra þeirra þarfa sem hún kys að þá er ekki hægt að tala um að verð margfaldist með nokkrum hætti. Það eru rangfærslur og ég frábið mér

4. október 2011

það að formaður borgarráðs sé með slíkar rangfærslur og ósannindi hér í borgarstjórn [forseti slær í bjöllu].

Forseti: Þá hefur Kjartan Magnússon lokið við að svara andsvari. Þá veitir borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson andsvar öðru sinni.

4. október 2011

- 5. mál** **Fundargerð forsætisnefndar frá 30. september**
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 23. september
Fundargerð mannréttindaráðs frá 13. september
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 26. september
Fundargerð skipulagsráðs frá 28. september
Fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 28. september
Fundargerðir velferðarráðs frá 15. og 22. september

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Það er rétt sem að fram kemur hjá borgarfulltrúanum að þessi lóð er þannig að þarna er skilgreint núna atvinnuhúsnæði og lóðaleigusamningurinn sem er við borgina er að renna út. En það mátti skilja borgarfulltrúann þannig að það væri eitthvað sérstakt við þessa lóð. Þannig er um nánast allar lóðir í borginni að borgin á landið en er með lóðaleigusamninga það gerir menn ekki rétt- eða eignalaus þegar að samningarnir renna út.

Við höfum reyndar farið aðeins yfir það í borgarráði á liðnu ári hvort að það gæti verið tilefni til þess að grípa inn í og leysa til okkar lóðir þegar að svona er háttáð en það er mjög vandmeðfarið, vegna þess að í íslenskum rétti þá er – ég segi ekki eignaréttur vegna þess að við erum eigendur lóðarinnar, en það er mjög sterkur réttur þeirra sem eru með gildandi lóðarleigusamning. Það sem ég var að vísa til varðandi margföldun á verðgildi lóðarinnar varðaði samt ekki þessa lögfræðilegu stöðu heldur hitt, að áður en að vitað var raunverulega af áhuga borgarinnar á hugsanlega að leysa þessa lóð til sín þá töldu menn að hún fengist á tilteknu verði, en eftir að búið var að hlaupa í fréttirnar og segja; borgin vill kaupa, að þá voru gefin upp margfalt hærri verð.

Ég get sannarlega ekki sannað neitt orsakasambandi milli þessa fjölmiðlaviðtals og þessa mjög svo háa verðs, en háa verðið varð engu að síður til þess að málið var í hnút. Nú veit ég ekki nákvæmlega hvernig það er statt varðandi veðbönd og annað. Við munum skoða þetta með opnum huga, en ég vil bara tóna niður svona þá bjartsýni sem að leiðir af því þegar að menn fara í fréttirnar og segjast ætla að kaupa eitthvað alveg absólútt af einhverjum bönkum eða einkaaðilum, það er oft ekki til þess að lækka verðið á því sem að maður vill koma höndum yfir.

4. október 2011

Forseti: Þá hefur Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá svarar andsvari öðru sinni borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

4. október 2011

- 5. mál** **Fundargerð forsætisnefndar frá 30. september**
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 23. september
Fundargerð mannréttindaráðs frá 13. september
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 26. september
Fundargerð skipulagsráðs frá 28. september
Fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 28. september
Fundargerðir velferðarráðs frá 15. og 22. september

Kjartan Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það er algjörlega rangt að ég hafi verið búinn að fara í fréttirnar og sagst vilja kaupa einhverja lóð absólútt, það er algjörlega rangt. Dagur borgarfulltrúi, hann vísar í það því hann treystir því að menn viti ekki betur. Á sínum tíma, tillagan sem ég flutti þarna í kringum 2004, hún snýst ekkert um eina lóð og það ætti að kaupa hana absólútt, hún snerist um heildstæða skoðun á lóðum í Vesturbænum til þess að leysa aðstöðuvandamál fyrir íþróttá- og æskulýðsstarf þar. Hún snerist ekkert um eina lóð. Hinsvegar voru í tillöggunni nefnd þrjú eða fjögur svæði sem sagt að menn ættu að skoða og þessi lóð var ein á meðal þeirra og það er algjörlega út í hött að halda því fram að þessar hugmyndir, sem upphaflega eru komnar frá KR og Vesturbæingum og ég tek upp, að viðtal við mig hafi aukið verðgildi um mörg hundruð milljónir.

Og eins og menn vita þá ræðst náttúrulega lóðaverð, að minnsta kosti réðst á meðan að það var hér í uppsveiflu og góðæri og byggingabóla, þá náttúrulega réðst lóðaverð af væntum byggingarétti, söluverði íbúða á viðkomandi lóð, en ekki af hugmyndum íþróttafélaga eða fólks úr hverfi eða borgarfulltrúa á því til hvers væri mögulega hægt að nýta viðkomandi lóð.

Það er líka rangt sem borgarfulltrúinn hélt fram að ég hefði sagt að þetta væri skilgreint sem atvinnuhúsnæði. Ég ætla svo sem ekki að fullyrða um það, ég held að þessi reitur sé ekki skilgreindur lengur sem reitur undir atvinnuhúsnæði og borgin hefur það því í hendi sér að breyta landnotkun og ekkert óeðlilegt við það, miðað við að þarna var reist fiskverkunarhús í rauninni úti í sveit fyrir 50 árum. Ekkert óeðlilegt við það þegar að byggð er komin alls staðar upp að húsinu að breyta landnotkun á þessum reit, þannig að hann verði í samræmi við það sem að er þarna í kring og til dæmis íþróttasvæðið fyrir hverfið.

Ég bið menn um að fara rólega í þessari umræðu. Vera ekki hér með sleggjudóma og fullyrða að menn hafi sagt eitt og annað og reyna að kenna þeim um að hafa

4. október 2011

komið málum í einhvern hnút, heldur líta bara með jákvæðum augum og heildstætt á málin [forseti slær í bjöllu] með það að markmiði að leysa það, en flækja ekki frekar vegna þess að menn kannski vilja ekki samþykkja góðar tillögur, þó að þær komi frá minnihlutanum.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið við að svara andsvari öðru sinni. Þá óskar borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir eftir að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúa Kjartans Magnússonar.

4. október 2011

- 5. mál** **Fundargerð forsætisnefndar frá 30. september**
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 23. september
Fundargerð mannréttindaráðs frá 13. september
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 26. september
Fundargerð skipulagsráðs frá 28. september
Fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 28. september
Fundargerðir velferðarráðs frá 15. og 22. september

Eva Einarsdóttir: Já, ég kem nú bara aðeins hérna upp til að smá leggja orð í belg. Ég þakka orð borgarfulltrúans Kjartans Magnússonar, hlý orð, til mín. Mig langar bara að segja það að það er semsagt í rauninni hlutverk okkar í ÍTR að vera að skoða hvernig við viljum gera úrbætur í borginni, ekkert endilega bara í Vesturbæ heldur bara út um allt og um það kveður í nýjum samþykktum, í 3. grein er talað um að ÍTR sem fagrað eigi að gera tillögur til borgarráðs um staði og mannvirki sem henta til íþróttá- og tómstundastarfs í Reykjavík, þannig að það er hið besta mál. En engu að síður tek ég undir orð formanns borgarráðs sem hann kom inn á, þegar að hann furðar sig á því að málið hafi verið inni í kerfinu frá 2004 og maður getur alveg spurt sig og ég velti þeirri spurningu sjálf upp á síðasta fundi og því getum við svo sem endalaust talað um það. En engu að síður vildi ég bara koma því að, að þetta er hlutverk okkar að koma þessu áfram jafnvel þótt að borgarráð ákveði síðan að gera eitthvað annað.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir lokið við að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúa Kjartans Magnússonar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

4. október 2011

- 5. mál** **Fundargerð forsætisnefndar frá 30. september**
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 23. september
Fundargerð mannréttindaráðs frá 13. september
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 26. september
Fundargerð skipulagsráðs frá 28. september
Fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 28. september
Fundargerðir velferðarráðs frá 15. og 22. september

Kjartan Magnússon: Já, ég þakka sömuleiðis fyrir hlýleg ummæli borgarfulltrúans, þess sem hér á undan mér talaði. Það er auðvitað eðlilegt að fólk og sérstaklega þeir sem koma hér nýir að málum að þeir velti því fyrir sér af hverju var ekki búið að landa málinu og það er alveg rétt að ég var formaður íþróttá- og tómstundaráðs í tvö ár. Það er sjálfsagt að fara yfir það. Ég hefði svo gjarnan viljað landa málinu áður en ég lét af embætti formanns íþróttá- og tómstundaráðs, það eru hins vegar margar skýringar á því. Stærsta skýringin er kannski sú að á kjörtímabilinu 2002-2006, að þá var hafin skipulagsvinna á reitnum sem snerist um það að þarna á reitnum yrði háreist blokkarbyggð og voru þá ekki miklar hugmyndir um íþróttasvæði. Og þessi áform voru komin í rauninni svo langt og í rauninni held ég að allir flokkar hafi með einhverjum hætti unnið að því máli, að það tók bara tíma að vinda ofan af þeim fyrirætlunum. Það voru ekki allir borgarfulltrúar sammála um það að þarna ætti að koma íþróttasvæði í staðinn fyrir blokkarbyggð, jafnvel þó að íbúar væru mjög á móti því. Ég held að þessi áform hafi sennilega verið unnin þegar að Dagur B. Eggertsson var formaður skipulagsnefndar, ég geri ráð fyrir því, með væntanlega stuðning úr öllum flokkum. Það tók tíma að vinda ofan af þessum fyrirætlunum og benda á það að það væri kannski heppilegra að taka reitinn undir önnur not heldur en háreista blokkarbyggð.

Það getur tekið tíma að fá menn til að skipta um skoðun í skipulagsmálum vissulega og síðan er það til að telja, að þrátt fyrir að ég hafi unnið dyggilega að málinu, eins og ýmsum öðrum íþróttamálum í Reykjavík þegar að ég var þar formaður í tvö ár. Það var ákveðin óvissa í gangi varðandi lögfræðilega og skipulagslega stöðu lóðarinnar sem þurfti að fara vel yfir og sú vinna var vissulega sett á stað og ég tel að það hafi náðst niðurstaða í þeirri vinnu meðal annars bara og Dagur B. Eggertsson formaður borgarráðs vísaði í það hér áðan. Menn hafa verið að skoða þessi mál með breytta landnotkun og lóðamál í huga og

4. október 2011

ég tel að það sé komin ákveðin niðurstaða í þau mál sem síðan er hægt að nota til að leysa þetta mál sem við ræðum nú um.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið við að svara andsvari. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir.

4. október 2011

- 5. mál** **Fundargerð forsætisnefndar frá 30. september**
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 23. september
Fundargerð mannréttindaráðs frá 13. september
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 26. september
Fundargerð skipulagsráðs frá 28. september
Fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 28. september
Fundargerðir velferðarráðs frá 15. og 22. september

Marta Guðjónsdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það hefur verið baráttumál Vesturbæinga til margra ára að bæta íþróttaaðstöðu hverfisins, ekki bara fyrir KR heldur líka fyrir almenning og að við myndum geta fundið út eitthvað svæði sem að gæti nýst bæði fyrir íþróttafélagið í hverfinu og eins fyrir íbúana til almenningsíþróttá. Þess vegna gladdi það mig óskaplega mikið á síðasta fundi ÍTR hvað það var mikil samstaða og mikill vilji til þess að skoða það að leysa til sín lóðina að Keilugranda 1. Og mér finnst að við eigum að fókusa á það að bæta íþróttaaðstöðuna í hverfinu en ekki á persónur sem eru að slá sig til riddara og fara í einhverja fjölmiðla og vera með eitthvað fjölmiðlaupphlaup og gera sig vinsæla út á þetta mál. Ég held að það sé enginn að hugsa um það. Ég held að við séum öll að hugsa um markmiðið að bæta íþróttaaðstöðuna í Vesturbænum.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki óskað eftir að taka til máls undir þessum lið og telst umræðu lokið.